

Nd.

334. Lög

um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

(Afgreidd frá Nd. 7. apríl).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal gera þær ráðstafanir, er það álitur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands.

2. gr.

Ráðuneytið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær.

3. gr.

Ráðuneytið getur kvatt garðyrkjustjóra, meðan hann er launaður af opinberu fje, til aðstoðar við framkvæmd þessara laga, svo og alla þá, er starfa að ræktun landsins og að einhverju leyti eru launaðir af opinberu fje. Er þessum aðstoðarmönnum ráðuneytisins heimilt að framkvæma þær rannsóknir, er þurfa þykir, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðrarreitum. Þeim er og heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn til rannsókna án endurgjalds og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er nauðsynlegar teljast.

4. gr.

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkst, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum nje af hendi láta fyr en leyfi er til þess fengið.

5. gr.

Í reglugerð skal ákveða, að vottorð um, að kartöflur sju heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og umbúðir ósóttnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti horist til landsins.

6. gr.

Ákveði ráðuneytið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hæfilegt verð uppskerunnar greitt úr rikissjóði, eftir mati dómkvaddra manna.

Kostnaður við varnarráðstafanir samkv. lögum þessum greiðist úr rikissjóði. Eigendum vara, ahalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í tje nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust.

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum verða sektum, 100—5000 kr.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.